

Fastráðnir starfsmenn söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar skulu hafa rétt til áframhaldandi og sambærilegra starfa hjá söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar eftir að lög þessi öðlast gildi. Söngmálastjóri skal eiga sama rétt til áframhaldandi óbreyttra starfa. Forstöðumaður fjölskylduþjónustu kirkjunnar skal eiga rétt til áframhaldandi og sambærilegra starfa við fjölskylduþjónustuna við gildistöku laga þessara. Ákvæði 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 14. apríl 1954, á því ekki við um þessa starfsmenn.

Eignir þær, sem ríkið hefur lagt Tónskóla þjóðkirkjunnar til, renna til skólans við gildistöku laga þessara.

Húseignin að Bergstaðastræti 75, Reykjavík, ásamt leigulóðarréttindum verður eign kirkjumálasjóðs við gildistöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal 0,14% gjald, iðnlánasjóðsgjald, á allan iðnað í landinu eins og hann er skilgreindur í lögum um iðnaðarmálagjald. Skal gjaldstofn þess vera velta skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga.

Óheimilt er að leggja gjaldið við verð á vöru eða þjónustu iðnfyrirtækja.

Um álagningu og innheimtu iðnlánasjóðsgjaldsins fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á.

Í ríkissjóð skal renna 0,5% af innheimtu iðnlánasjóðsgjalds skv. 1. mgr. vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess.

Iðnlánasjóðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn til þess myndaðist.

Verja skal 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknnum í þágu iðnaðarins og aðgerðum sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Stjórn sjóðsins ráðstafar þessu fé í samráði við Samtök iðnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal í fyrsta sinn lagt á iðnlánasjóðsgjald samkvæmt þeim árið 1994 á gjaldstofn ársins 1993.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.